

10. Frumvarp

til laga um fræðslu barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða móttþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið, latneskt letur og gotneskt, skýrt og áheyrilega, og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnvegin ritvillulaust og mállýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sinum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr bibliunni, sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti, sjerstaklega um líf og kenningu Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum), og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess, að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju, og þau tímabil, er þeir lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrfjef, hafa athugað áttthagana vandlega og fengið sem ljósasta þekkingu á náttúru Íslands og hógum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;

7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal og vita nokkuð um líffæri og lífsstörf mannlíkamans, dýra og jurta, og um helstu atriðin, er að hollustuháttum lúta;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir af hlutum, sem það hefir fyrir sjer eða hugsar sjer;
10. að hafa lært almenn þjónustubrögð, svo sem að hirða skó, festa hnapp, staga sokk, sauma bót á fat, þvo úr flík.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipað kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.

Um skólahjeruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjerað út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki yfirstjórnar fræðslumála gengið saman í eitt skólahjerað, ef tillaga um það er samþykkt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verið boðaðir til þeir hreppsúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitumálum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón yfirstjórnar fræðslumála.

III.

Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kaupsúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn, 10—14 að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólnefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar

vikur, sje það gert til þess, að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er yfirstjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjeradinu gengið að heiman til skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann, eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri, og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustubættir samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjeraðsins, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná aðeins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda farskóla, er veiti hverju barni í skólahjeradinu, 10—14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanefnd veiti undanþágu. Geti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjeraðsins á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár, þannig að barn, sem verður 10 ára fyrir nýár sje skólaskyldt alt það skólaár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum þykist hafa tryggingu fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Yfirstjórn fræðslumála getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8—10 ára barna í einhverju skólahjeraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi náð lögskipuðu fræðslumarki, skal skólanefnd tilkynna yfirstjórninni það og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjeradinu.

11. gr.

Nú óhlyðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2–5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur útgjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10–14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skólahúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur í skólahjéraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða, greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, alt að þriðjungi kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en alt að helmingi kostnaðar sje það aðallega heimavistarskóli, með því skilyrði, að yfirstjórn fræðslumála samþykki uppdrátt og lýsingu af húsinu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbyggt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykkt, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki byggt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykkt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er yfirstjórn fræðslumála að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er yfirstjórn fræðslumála samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannaþje.

IV.

Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjæraði og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjærað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi og skipar þá yfirstjórn fræðslumála prófanda.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Þóknun til prófdómanda ákveður yfirstjórnin og má hún utan kaupstaða ekki fara fram úr 6 kr. á dag fyrir minst 8 stunda próf.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjæraðsins 8—14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gilda forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfærslu, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og næstu greinar á undan eru þau

börn, sem að dómi kennara, læknis og prófdómanna eru óhæf til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanna og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í skólahjæraðinu, en hún sendi það yfirstjórn fræðslumála, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skirteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Skipar yfirstjórn fræðslumála tvo í nefndina, formann hennar og einn skólakennara, eða mann í hans stað, sje enginn kennari í skólahjæraðinu, einn kys hreppsnefnd (bæjarstjórn), en tveir, ásamt varamönnum þeirra, skulu kosnir af þeim skólahjæraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum (bæjarmálum), og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar (bæjarstjórnar), og samtímis, þegar því verður við komið.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn að eins til þess tíma, er slík kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjæraðs skipaðir og kosnir sem áður segir að öðru en því, að hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en hver hreppur sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni, nema kennarinn, þar sem ekki er um annan að velja. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara

orsaka vegna áður en tími hans er útruninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann viki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Akvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjæraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem yfirstjórn fræðslumála ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum, og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegum nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjæraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum eftir því, sem þörf krefur, og sendir yfirstjórn fræðslumála til samþykta. Hún býr út skýrslur þær og skirteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð yfirstjórnar fræðslumála.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Hann heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjæraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd (bæjarstjórn) og sendur yfirstjórn fræðslumála í afriti. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, semur skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar.

30. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólamefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um lækniseftirlit með heilbrigði kennara og skólakarna og hollustuháttum skólanna, fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við yfirstjórn fræðslumála.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóvbr. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909 og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi var samþykkt í neðri deild svohljóðandi rökstudd dagskrá:

»Þar sem landsstjórnin hefir við umræður um frv. til laga um mentaskóla á Akureyri heitið að leggja fyrir næsta þing tillögur um skólamál landsins, telur deildin ekki tímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun um hinn almenna mentaskóla einan, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Undir umræðunum um skólamálin lýsti stjórnin því yfir, að hún mundi leitast við að leggja skólamálin undirbúin fyrir næsta þing. Síðan hafa tímarnir breytst í þá átt, að hinir fjárhagslegu örðugleikarnir hafa stöðugt farið vaxandi, sem sjá má meðal annars á lággengi krónunnar. Stjórnin sjer sjer því ekki fært að gera neinar þær tillögur um skólamálin, sem aukið geti útgjöldin að nokkrum mun. Á síðasta þingi stóðu meðal annars allharðar deilur um, hvort ekki skyldi setja á stofn mentaskóla á Akureyri, og þá einnig um það, hvort ekki væri nauðsyn á óskiftum lærðum skóla í Reykjavík. Að því er fyrra atriðið snertir, þá er það ljóst, að ef breyta ætti gagnfræðaskólanum á Akureyri í mentaskóla, þá mundi það hafa mikinn aukinn kostnað í för með sjer, og auk þess ekki vól á svo miklum kenslukröftum í landinu að hægt væri að gera tvo mentaskóla sæmilega úr garði, enda ekki þörf á nema einum slikum skóla. En að því er hitt atriðið snertir, þá getur stjórnin að vísu fallist á, að betur væri sjeð fyrir hinni

æðri mentun með því að breyta hinum almenna mentaskóla hjer í óskiftan lærð-an skóla, en um leið yrði þá að setja á stofn hjer sjerstakan gagnfræðaskóla, en því mundi samfara mikill kostnaðarauki. Stjórninni virðist því, að i bili verði að una við það fyrirkomulag, sem nú er í þessu efni. Aftur á móti vill stjórnin nú leggja fyrir þingið þessi frumvörp mentamálanefndarinnar frá 1920 með litlum breytingum:

1. Frumvarp til laga um fræðslu barna.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75.
3. Frumvarp til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.
4. Frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Af frumvörpum mentamálanefndarinnar frá 1920 hafa áður legið fyrir Alþingi frv. um hinn lærða skóla í Reykjavík, frv. um kennaraskólann í Reykjavík og frv. það um fræðslu barna, er hjermeð er lagt fyrir Alþingi. Frumvarp nefndarinnar um kenslu heyrnar- og málleysingja varð, eins og kunnugt er að að lögum 1922.

Að því er nú sjerstaklega snertir frumvarp það til laga um fræðslu barna, er hjermeð er lagt fyrir Alþingi, skal það tekið fram er hjer segir:

Mentamálanefndin hefir ekki breytt grundvelli gildandi laga frá 22. nóv. 1907, heldur aðeins gert á þeim nokkrar breytingar samkvæmt því, sem reynslan hefir sýnt að betur mátti fara.

Fræðslukröfurnar eru nær hinar sömu, aðeins nokkuð fyllri og ákveðnari. Þó er dráttlist bætt við sem skyldunámsgrein og biblúlestri. *Próf* barna lætur nefndin ná til 8 ára aldurs í stað 10 ára. *Stjórn* skólamála í hjeraði er í höndum skólanefnda sem áður, en tryggilegar er um það búíð, að hæfir menn verði skipaðir í nefndirnar. Hjer er ekki gerð greining á skólahjeruðum og fræðsluhjeruðum, heldur heita hjeruðin öll skólahjeruð og stjórnarnefndirnar skólanefndir og eru allar skipaðar 5 mönnum.

Við frumvarp þetta, eins og það kom frá mentamálanefndinni hefir ráðuneytið ekki fundið ástæðu til að gera neinar verulegar breytingar. Mentamálanefndin gerði ráð fyrir nokkurri þóknun til formanna skólanefndanna, 2 kr. fyrir hvert barn 8—14 ára, sem átti að greiðast að hálfu úr sveitarsjóði, og að hálfu úr ríkissjóði, en það ákvæði er hjer felt burtu.

Í annan stað er hjer gert ráð fyrir að yfirstjórnin skipi alla prófdómara, þar sem reynslan hefir sýnt, að allmarga prófdómara hefir þurft að skipa, þó að prestarnir væru lögskipaðir prófdómendur, enda mun þetta fyrirkomulag ekki verða dýrara, þar sem prestunum hefir nú verið ákveðinn ferðakostnaður úr ríkissjóði.

Að öðru leyti vísast til athugasemda nefndarinnar.